

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2500
komudagur 8.5.2001

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu

Minnisblað

Viðtakandi: Samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Framkvæmdanefnd um einkavæðingu
Dagsetning: 7. maí 2001

Efni: Frumvarp til laga heimild til sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf.

Á fundi fulltrúa framkvæmdanefndar um einkavæðingu með samgöngunefnd sl. föstudag voru bornar fram nokkrar spurningar varðandi vinnu nefndarinnar við undirbúning tillagna vegna fyrirhugaðrar sölu á Landssíma Íslands hf. sem settar voru fram í skýrslu nefndarinnar í janúar 2001. Meðfylgjandi er umfjöllun um þessi atriði:

Lúðvík Bergvinsson:

Þingmaðurinn spurði um skiptingu fyrirtækisins og afleiðingar þess fyrir fjarskiptamarkaðinn. Í skýrslunni er lagt upp með það hvernig bregðast skuli við þegar selt verður en ekki hvernig markaðurinn yrði ef fyrirtækinu hefði verið skipt.

Í kafla 4.8 skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu er fjallað um stöðu fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Farið er yfir árangur og breytingar með tilkomu laganna um fjarskipti og hlutverk eftirlitsstofnana þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar. Í skýrslunni er einnig farið yfir stöðu á fjarskiptamarkaði, hvaða fyrirtæki eru starfandi og hvernig samstarfi á milli þeirra er háttað. Ljóst er að mikill uppgangur er hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum og líklegt að aukin samkeppni verði við Landssímamann á næstu árum. Niðurstaða nefndarinnar hvað varðar þessi atriði var sú að með traustu lagalegu umhverfi væri það tryggt að önnur fyrirtæki sitji við sama borð og Landssíminn hvað varðar aðgang að grunnnetinu.

Ef fyrirtækinu væri skipt og grunnnetið rekið sem sjálfstætt félag hvort sem um væri að ræða félag í eigu ríkisins eða einkaaðila, má gera ráð fyrir að jafnt aðgengi væri tryggt með lögum um fjarskipti. Hins vegar verður að benda á að nefndin telur að slíkt félag hefði ekki nægjanlegan hvata til tæknilegrar uppbyggingar og þróunar þjónustu til að geta sinnt hlutverki sínu og gæti orðið baggi á ríkissjóði. Ekki er heldur útséð með það að slíkt félag myndi koma í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki myndu byggja upp eigin grunnnet. Einnig er rétt að benda á í skýrslu nefndarinnar kemur fram að t.a.m. símtöl geta verið flutt eftir mismunandi kerfum þ.e. á ATM, milli svæðisstöðva í gegnum ljósleiðara eða innan sama svæðis. Ef grunnnetið yrði aðskilið frá öðrum þáttum rekstrarins yrði að skilgreina sérstaklega hvernig þessir flutningar færu fram og hefði það í för með sér aukinn kostnað innan kerfisins m.a. í fjárfestingu í búnaði. Þá fjárfestingu og viðbótarkostnað við rekstur yrðu neytendur að greiða. Í samkeppnisumhverfi má svo gera að það leiði til þess að önnur fjarskiptafyrirtæki myndu sjálf hefja uppbyggingu á grunnnetum til að komast hjá þessum aukakostnaði.

Sjá ennfremur svar við skilgreiningu á grunnneti hér síðar.

Jón Bjarnason:

Er jafn aðgangur að fjarskiptaþjónustu raunverulega tryggður en ekki aðeins kveðið á um slíkt í lögum um fjarskipti?

Um jafnan aðgang að fjarskiptaþjónustu er fjallað í kafla 4.2 í skýrslu einkavæðingarnefndar. Of langt mál er að fara yfir þau atriði sem þar koma fram en rétt er þó að nefna að í fjarskiptalögum er kveðið á um skyldu íslenska ríkisins til að tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Þetta er tryggt með skilyrðum í leyfisbréfum rekstraraðila, ákvæðum um alþjónustu, framlögum úr ríkissjóði og ýmissa sértækra aðgerða stjórnvalda til að tryggja aðgengi á einstökum svæðum.

Hvernig hefur fjarskiptamarkaðurinn breyst? Hversu langt er þangað til það verður bara eitt stórt fjarskiptafyrirtæki á landinu?

Eins og lýst er í kafla 4.8 í skýrslu einkavæðingarnefndar hefur mikil gróska verið á fjarskiptamarkaði á undanförunum árum með tilkomu frjálsræðis og nýju fjarskiptalaganna. Ekki er ólíklegt að einhver samruni fjarskiptafyrirtækja muni eiga sér stað á næstu árum sérstaklega milli fyrirtækja sem sérhæfa sig í afmörkuðum þáttum fjarskipta. Aðgengi nýrra fyrirtækja að markaðnum er þó tryggt með lögum og sýnt er að ný fyrirtæki eiga tiltölulega auðvelt með að hefja starfsemi. Þá gilda samkeppnislög um fjarskiptafyrirtæki og takmarkar það möguleika þeirra á samruna ef það leiðir til óæskilegrar samþjöppunar.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að fyrir nokkrum árum var aðeins eitt stórt fjarskiptafyrirtæki starfrækt í landinu.

Kristján L. Möller:

Áhersla á sölu þegar efnahagsmál standa betur (sbr. framsöguræða ráðherra)

- *Hvað með vor 2001?*

Ákvörðun um tímasetning sölu hefur ekki verið tekin. Í skýrslu einkavæðingarnefndar er lagt til að fyrsti áfangi sölu fari fram vorið 2001. Við það hefur verið miðað í undirbúningsvinnu fram til þessa. Endanleg ákvörðun hefur hins vegar ekki verið tekin en það er ráðherranefnd um einkavæðingu og ríkisstjórn sem tekur ákvörðun um hvenær verði selt að fenginni heimild Alþingis til sölu. Þessa dagana er verið að skoða kosti og galla þess að selja í vor. Verði selt í vor mun það gerast fyrir miðjan júní.

- *Hefur verðgildi Landssímans lækkað frá því á síðasta ári?*

Verðmat á fyrirtækjum fer fram á grundvelli verklagsreglna um útboð og sölu ríkisfyrirtækja sem samþykktar voru í febrúar 1996. Samkvæmt verklagsreglunum skal verðmat fara fram á grundvelli núvirtis framtíðartekjuflæðis en aðrar aðferðir notaðar til samanburðar. Færa má rök fyrir því að söluverð Landssíma Íslands hefði verið hærra fyrir um ári síðan en það er í dag. Verð hátæknifyrirtækja hefur almennt lækkað á þessum tíma. Á móti má segja að það hefði vafalaust haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlendan hlutabréfamarkað ef stærsta fyrirtækið sem þar hefði verið skráð lækkaði jafn mikið í verði og hátæknifyrirtæki gerðu.

- *Hvað með almennan sparnað? Er ástæða til að hvetja almenning til sparnaðar, getur almenningur keypt?*


Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að bjóða almenningi hlutabréf í fyrirtækjum sem verið er að einkavæða. Það er talið ákjósanlegt að almenningur fjárfesti í hlutabréfum að einhverju marki. Á liðnum mánuðum hefur sparnaður hins vegar dregist nokkuð saman. Einkavæðing getur leitt til aukins sparnaðar ef almenningur telur sig gera góð kaup í hlutabréfum einkavæddra fyrirtækja. Vegna þess ástands sem ríkir á fjármálamarkaði getur reynst nauðsynlegt að hvetja almenning til kaupa með því að bjóða upp á afborgunarkjör eða með öðrum hætti að gera hlutabréfakaup auðveldari.

Skipting fyrirtækisins út frá skilgreiningu á grunnneti?

- *Hvað er grunnnet?*

Í kafla 5. í skýrslu nefndarinnar er fjallað um skiptingu fyrirtækisins og þar m.a. sett fram skilgreining á grunnneti. Skilgreining nefndarinnar á grunnneti út frá tæknilegum forsendum byggir á vinnu sérfræðings í fjarskiptakerfum.

Fjarskiptakerfi Landssímans og tengd kerfi:



Grunnurinn að fjarskiptakerfinu er ljósleiðaranetið um allt landið og inn á flesta þéttbýliskjarna í myndinni hér að ofan nefnt Gagnaflutningskerfi og byggir á SDH staðli. Í kerfinu eru flutt öll gögn svo sem tal, sjónvarp, internet ofl. Stafræna símtöðvarkerfið er hins vegar byggt á IDN kerfi sem er stýrt af tveimur stórum skiptistöðvum þ.e. Miðbæjarstöð og Múlastöð. Fjarskiptakerfi eins og útlandasímtöl, talsímakerfi og farsímakerfi eru síðan tengd í IDN stafræna símtöðvarkerfið.

- *Samkvæmt skýrslunni er erfitt að skilgreina grunnnet en samt er staðhæft að mögulegt er að aðskilja það í bókhaldskerfum fyrirtækisins.*

Samkvæmt skýrslunni er erfitt að skilja þjónustu grunnnetsins frá annarri þjónustu vegna þess sem að ofan er lýst. Hins vegar er tæknilega einfalt að skilja þjónustu t.a.m. farsímakerfa frá stafræna símsstöðvarkerfinu þar sem aðild Símans GSM er með alveg sama hætti og t.d. aðild Tals hf. og Íslandssíma hf. Hvað varðar nálgun út frá samkeppnissjónarmiðum þá kemst nefndin að því að ákvæði um fjárhagslegan aðskilnað milli mismunandi rekstrareininga og skilvirkt eftirlit tryggji jafnan aðgang að fjarskiptanetum.

Rekstrarleg skipting í rekstri Landssímans er með allt öðrum hætti heldur en sú tæknilega nálgun sem fram kemur í skýrslunni. Póst- og fjarskiptastofnun hefur reiknað verð á aðgengi að fjarskiptakerfinu og samkvæmt fjarskiptalögum ber netdeild Landssímans að innheimta sama gjald frá þjónustudeildum fyrirtækisins eins og innheimt er hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum. Tiltölulega einfalt er að hafa eftirlit með því að þetta sé gert. Meginforsendan fyrir fjárhagslegum aðskilnaði er þess vegna ekki að finna nákvæma raunverulega kostnaðarskiptingu heldur reiknar Póst- og fjarskiptastofnun út gjaldið sem allir rekstraraðilar greiða fyrir þjónustuna. Eins og fram kemur í kafla 5.4.3. í skýrslu nefndarinnar er fjárhagslegur aðskilnaður í rekstrinum ekki eins og tæknilegur aðskilnaður heldur er nálgunin út frá hagnaðarstöðvum og kostnaðarstöðvum.

- *Er grunnnetið ekki aðskilið með NATO samningnum?*

Við lagningu ljósleiðarans var NATO þráðunum þremur haldið aðskildum frá öðrum hlutum ljósleiðarans. Þræðirnir eru einungis tengdir í endabúnað í ratsjárstöðvunum þar sem búnaðurinn er í eigu NATO. NATO þræðirnir hafa aldrei verið notaðir í þágu Landssímans. Ekki er hægt að segja að grunnnetið sé aðskilið með NATO strengjunum þar sem þeir eru ekki tengdir inn í fjarskiptakerfi Landssímans eins og hinir þræðirnir.

Hvað með koparþræðina? Hvað með rafmagnsstrengi? Voru koparstrengir teknir inn í myndina og verða þeir hafðir til hliðsjónar við verðmat á fyrirtækinu?

Í kafla 5 í skýrslunni er rætt um mismunandi tækni við tengingar við notendur og er þar m.a. rætt um koparstrengi og rafmagnsstrengi. Við verðmat á fyrirtækinu verður tekið tillit til margvíslegra þátta í rekstri fyrirtækisins m.a. uppbyggingu fjarskiptakerfa og framtíðartekna af einstökum þáttum. Verðmat á fyrirtækinu er í vinnslu og erfitt að tjá sig um það sérstaklega. Verðmatið mun þó taka mið af þeim tekjumöguleikum sem ætla má að koparstrengir bjóði upp á miðað við þá tækni sem nú er.

Hvað með þjóðhagslegan sparnað af því að hafa aðeins eitt grunnnet? Er ekki soun í því að byggja upp fleiri en eitt net?

Líklegt verður að telja að fleiri en eitt grunnnet verði byggt upp á næstu árum hér á landi sérstaklega á þéttbýlli svæðum. Það hefur þó lítið með aðskilnað eða ekki aðskilnað grunnnets Landssímans frá fyrirtækinu að gera. Fleiri en eitt grunnnet væri afleiðing af aukinnar samkeppni á fjarskiptamarkaði og almennt er talið að samkeppni skili sér í ávinningi fyrir neytendur. Bætt tækni og reynsla í uppbyggingu fjarskiptakerfa hefur gert það að verkum að mun ódýrara er að byggja upp kerfin en áður. Vitna má til nýlegs svars samgönguráðherra til Steingríms J. Sigfússonar um

kostnað við ljósleiðarvæðingu landsins. Einnig má benda á að víða erlendis t.d. í Svíþjóð hefur verið hvatt til þess að fyrirtæki byggji upp eigin fjarskiptakerfi.

Magnús Stefánsson:

Mat á því hvaða áhrif það hefði á efnahagslífið að flyta sölu, sérstaklega með tilliti til erlendra fjárfestingar.

Sala til kjölfestufjárfestis eins og tillögur framkvæmdanefndar um einkavæðingu gera ráð fyrir tekur nokkuð langan tíma. Áætlað er að söluferlið allt taki 8 til 12 mánuði og verður því varla af þeirri sölu fyrr en í lok ársins. Skýrist sá langi tími af því að gæta þarf jafnræðis í söluferlinu og tryggja að öll þau sjónarmið sem skipta máli við söluna nái fram að ganga. Þá þarf að gefa bjóðendum þann tíma sem þeir þurfa til að gera sín tilboð. Gert hefur verið ráð fyrir að auglýst verði eftir þeim sem hafa áhuga á að gerast kjölfestufjárfestir Símans. Unnið verði úr innsendum beiðnum um að taka þátt í lokuðu útboði og þá tekið mið af atriðum sem varða framtíðarrekstur Landssímans, hag símnotenda og söluverð. Lokað útboð og samningsgerð fylgja svo í kjölfarið. Nú er unnið að skilgreiningu á þeim þáttum sem koma til álita við val á kjölfestufjárfesti og annast PricewaterhouseCoopers þá vinnu.

Æskilegt er að fá erlenda kaupendur að einkavæddum fyrirtækjum til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi. Það ætti að styrkja gengi krónunnar.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir:

Hvað með reynslu frá öðrum löndum t.d. Deutsche Telecom? Hafa menn litið til þess?

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur litið til reynslu annarra landa af einkavæðingu símafyrirtækja. Sérstaklega hefur verið horft til einkavæðingar símafyrirtækja á Norðurlöndum enda markaðsaðstæður þar um margt svipaðar og eru hér á landi nema að stærð ríkissímafyrirtækja þar er margföld stærð Landssíma Íslands þó þau teljist smá á alþjóðlegan mælikvarða. Fyrirkomulag við einkavæðingu Landssíma Íslands samkvæmt tillögum einkavæðingarnefndar er að mestu í samræmi við það sem þekkist í nágrannalöndum okkar.